Vinkill 3

Lausnir

27. ágúst 2008

Ítarefni í stærðfræði fyrir 10. bekk

Um efnið

Þetta efni er ætlað sem ítarefni í stærðfræði fyrir unglingastig. Efnið getur hentað til einstaklings- eða paravinnu í skólanum en einnig má nýta það sem heimavinnuverkefni. Sum verkefnin geta nemendur leyst á blöðunum en önnur þarf að skrá í vinnubók.

Efnisyfirlit

Vinkill 3

Ritstjóri: Hafdís Finnbogadóttir

1. útgáfa 2008
Námsgagnastofnun

Umbrot og útlit: Námsgagnastofnun

Regla Pýþagórasar

1. Samkvæmt reglu Pýþagórasar, $a^2 + b^2 = c^2$, á summa ferningstalna skammhliða á rétthyrndum þríhyrningi að vera jöfn ferningstölu langhliðarinnar. Kannaðu þetta með því að skoða ferningstölur skammhliðanna á eftirfarandi rétthyrndum þríhyrningum og athugaðu hvort summa þeirra sé jöfn ferningstölu langhliðarinnar.

a.

16 + 9 = 25



b.

36 + 64 = 100



2. Skoðaðu til samanburðar tvo þríhyrninga sem eru ekki rétthyrndir og kannaðu hvort sama regla gildi um þá.

a.



16 + 16 ≠ 36

b.

16 + 100 ≠ 121



Reglan gildir því ekki fyrir þríhyrninga sem eru ekki rétthyrndir.

Hvað kemur í ljós? Gildir regla Pýþagórasar líka um þessa þríhyrninga?

3. Notaðu niðurstöður þínar úr dæmunum hér að ofan til þess að kanna hvort þríhyrningarnir hér fyrir neðan eru rétthyrndir eða ekki. Mældu þá, teiknaðu ferninga út frá hverri hlið og reiknaðu flatarmál ferninganna.

16 + 9 = 25



4 + 9 ≠ 16



Fyrri þríhyrningurinn 16 + 9 = 25, er rétthyrndur.
Seinni þríhyrningurinn 4 + 9 ≠ 16, er ekki rétthyrndur.

Rétthyrndir þríhyrningar

1. Notaðu reglu Pýþagórasar til þess að finna lengd langhliðarinnar á þessum rétthyrndu þríhyrningum.



2. Kannaðu hvort þú getir notað reglu Pýþagórasar til að finna lengd skammhliðar í rétthyrndum þríhyrningum.



3. Finndu lengd óþekktu hliðanna.



Flatarmyndir

1. Finndu flatarmál ferninganna þriggja á myndunum og lengd striksins x.

a.

$x = \sqrt{12^2 + 9^2} = 15$



c.



$x = \sqrt{29^2 + 21^2} = 20$

b.

$x = \sqrt{17^2 + 15^2} = 8$



d.



$x = \sqrt{8^2 + 6^2} = 10$

2. Finndu flatarmál skyggðu svæðanna á myndunum. Athugaðu að allir ferhyrningar á myndunum eru ferningar.

a. Fyrst þarf að finna hlið í ferningnum með reglu Pýþagórasar.



$x = \sqrt{8^2 + 6^2} = 10$

Flatarmálið litaða svæðisins $= 10^2 - \frac{6 \cdot 8}{2} = 76$ flatareiningar.

c. Fyrst þarf að finna hæð þríhyningsins með reglu Pýþagórasar.



$x = \sqrt{9^2 - 4{,}5^2} = 7{,}794$

Flatarmál þríhyrnings =

$\frac{9 \cdot 1{,}194}{2} = 35{,}074$ flatareiningar.

Flatarmál litaða svæðisins =

$9^2 - 43{,}074 = 45{,}926$ flatareiningar.

b. Fyrst þarf að finna langhlið þríhyninginsins með reglu Pýþagórasar.



$x = \sqrt{3^2 + 4^2} = 5$

Flatarmál fernings er $5^2 = 25$ og flatarmál litaða svæðisins er $\frac{25}{2} =$ 12,5 flatareiningar.

d. Flatarmál litaða svæðisins má skrá sem $a^2 + b^2$ sem er það sama og $c^2 = 14^2 = 196$



Í daglegu lífi 1

1. Teiknaðu þríhyrningana og kannaðu hvort þeir séu rétthyrndir þegar hliðar þeirra eru:

a. 14 cm, 48 cm og 50 cm $\sqrt{14^2 + 48^2} = 50$

b. 5 cm, 6 cm og 8 cm $\sqrt{5^2 + 6^2} \neq 8$

c. 5 cm, 12 cm og 13 cm $\sqrt{5^2 + 2^2} = 13$

d. 9 cm, 12 cm og 15 cm $\sqrt{9^2 + 12^2} = 15$

e. 5 cm, 8 cm og 9 cm $\sqrt{5^2 + 8^2} \neq 9$

2. Einar stendur uppi í stiga og tínir epli af tré í garði sínum. Stiginn er 3,6 m að hæð og er staðsettur 1,8 m frá trénu. Hve hátt er tréð ef stiginn nær upp í $\frac{2}{3}$ af hæð þess?

Fyrst þarf að finna hæð stigans.

$h_{stiga} = \sqrt{3{,}6^2 - 1{,}8^2} = 3{,}12 \quad h_{trés} = 4{,}68$ m.

3. Einar og Bára kveðjast við krossgötur. Bára heldur í norður en Einar í vestur. Eftir 10 mínútur hefur Bára gengið 850 m en Einar 950 m. Hver er fjarlægðin milli þeirra?

$\sqrt{950^2 + 850^2} = 1274{,}75$ m

4. Bára ætlar að mála gaflinn á húsinu sínu. Þakskegg hússins er 5,2 m hátt. Hvað þarf hún langan stiga til að ná upp í hæð sem er 0,5 m undir þakskegginu ef hún gerir ráð fyrir að neðri endi stigans sé 2,1 m frá veggnum?

Þarf að ná hæð sem er 5,2 – 0,5 = 4,7 m. $\sqrt{4{,}7^2 + 2{,}1^2} = 5{,}15$ m.

5. Einar mælir stærð tjarnar sem er á sumarbústaðarlóð hans. Hann mælir fjarlægðir frá sumarbústaðnum að hvorum enda tjarnarinnar. Hve löng er tjörnin?

Lengd $= \sqrt{20^2 + 21^2} = 29$ m.



Í daglegu lífi 2



1. Stiga er stillt upp þannig að hann rétt nær upp í glugga sem er í 10 m hæð frá jörðu. Stiginn stendur 2,5 m frá húsveggnum. Ef stiganum er velt yfir að húsi sem stendur á móti nær hann upp í glugga sem er 9 m frá jörðu. Hve breið er gatan milli húsanna?

Fyrst þarf að finna hæð stigans sem er $\sqrt{10^2 + 2{,}5^2} = 10{,}31$ m.

Fjarlægð stiga frá húsi á móti er

$\sqrt{10{,}31^2 - 9^2} = 5{,}03$ m.

Fjarlægð milli húsa er 5,03 + 2,5 = 7,53 m.

2. Frikki er að fljúga nýja flugdrekanum sínum. Flugdrekinn er kominn í u.þ.b. 18 m fjarlægð frá honum upp í loftið og er u.þ.b. 2,5 m til hliðar við hann. Hvað má áætla að hann sé kominn marga metra upp í loft? Ef miðað er við að Frikki sé 165 cm á hæð, hve hátt er flugdrekinn þá frá jörðu?

Fjarlægð frá Frikka er $=\sqrt{18^2 - 2{,}5^2} = 17{,}23$ m.

Hæð frá jörðu er 17,83 + 1,65 = 19,48 m.

3. Fánastöngin hennar Fjólu brotnaði í óveðri. Hún þurfti því að kaupa sér nýja en mundi ekki hvað gamla stöngin hafði verið há. Hjálpaðu henni að finna út hve löng hún var. Svaraðu með heilli tölu.



Stöngin var 8 m löng.

Sannanir á reglu Pýþagórasar

Margar sannanir eru til á reglu Pýþagórasar. Hér færð þú tækifæri til að spreyta þig á tveimur sönnunum á reglunni.

1. Á 11. öld kom indverski stærðfræðingurinn Bhaskara með sönnun sem byggist á fjórum eins rétthyrndum þríhyrningum og einum ferningi. Þríhyrningunum fjórum og ferningnum er hægt að raða saman í einn stærri ferning.





a. Skráðu hliðarlengd stóra ferningsins.
b. Skráðu hliðarlengd minni ferningsins.
c. Finndu flatarmál minni ferningsins.
d. Finndu flatarmáll eins þríhyrnings.
e. Finndu heildarflatarmáll allra þríhyrninganna.
f. Settu fram jöfnu sem sýnir sambandið á milli flatarmáls þríhyrninganna fjögurra og minni ferningsins annars vegar og flatarmál stóra ferningsins hins vegar.
g. Einfaldaðu jöfnuna og athugaðu hvað kemur í ljós.
h. Skráðu niðurstöður þínar.

a. C
b. $b - a$
c. $(b - a)^2 = b^2 - 2ab + b^2$
d. $\frac{a \cdot b}{2}$
e. $\frac{4(a \cdot b)}{2} = 2ab$
f. $2ab + a^2 - 2ab + b^2 = c^2$
g. $a^2 + b^2$

2. Þessi sönnun á reglu Pýþagórasar er sundum kennd við herforingjann James Garfield sem var, í stuttan tíma (áður en hann varð fyrir voðaskoti), forseti Bandaríkjanna (1881). Sönnunin byggist á tveimur eins rétthyrndum þríhyrningum og öðrum rétthyrndum þríhyrningi sem saman mynda trapisuna ABDE.

a. Finndu flatarmál þríhyrninganna þriggja.
b. Finndu flatarmál trapisunnar ABDE.
c. Settu fram jöfnu sem sýnir sambandið á milli flatarmáls þríhyrninganna þriggja annarsvegar og flatarmál trapisunnar ABDE.
d. Einfaldaðu jöfnuna og athugaðu hvað kemur í ljós.
e. Skráðu niðurstöður þínar.



Pýramídar – rúmmál

Rúmmál pýramída

$$R = \frac{a \cdot b \cdot h}{3}$$

1. Notaðu formúlu fyrir rúmmáli pýramída til þess að reikna rúmmál þessara pýramída.

112 m³



4470,83 cm³



2. Hvert er rúmmál pýramída sem hefur grunnflöt 47 m^2 og er 12 m á hæð? **188 m^3**

3. Pýramídi er með þrjár hliðar og þríhyrningslaga botn. Hver hlið grunnflatarins er 13 m á lengd og hæð hans er 17 m. Finndu flatarmál botnsins?
Getur þú notað sömu formúlu til að reikna út rúmmál pýramída með fjórar hliðar? Kannaðu hvernig þú reiknar rúmmál þessa pýramída? Gott getur verið að teikna mynd til hjálpar. **F = 73,19 m^2** **R = 414,74 m^3**

4. Fyrir utan Louvre-safnið í París er stór glerpýramídi sem hefur ferningslaga botn og fjórar jafnstórar hliðar. Hliðarlengdir hans eru rúmmetra af lofti rúmar pýramídinn?
Ef pýramídinn væri fylltur með vatni hve marg

R = 8411,67 m^3 **8411666,67 lítra**



5. Ef pýramídinn við Louvre hefði haft hliðarlengdirnar 30 m en sama rúmmál, hver hefði hæð hans þá verið? **28,04 m hár**

Pýramídar – yfirborðsflatarmál

1. Hvað þarft þú að vita og finna til þess að geta reiknað yfirborðsflatarmál pýramída? Prófaðu að finna yfirborðsflatarmálið á þessum pýramídum.

Það þarf að finna flatarmál allra hliða og leggja það síðan saman.



3000 cm²



212,8 m²

2. Ef finna á yfirborðsflatarmál pýramída þar sem hæð hverrar hliðar er ekki gefin heldur aðeins hæð pýramídans sjálfs, hvaða leið getur þú notað? Skoðaðu myndirnar hér fyrir neðan og reiknaðu yfirborðsflatarmál pýramídanna.

Það þarf að nota reglu Pýþagórasar til að finna hæð hliðanna.



157,32 m²



1960,32 cm²

3. Fyrir utan Louvre-safnið í París er stór glerpýramídi sem hefur fjórar jafnstórar hliðar. Hliðarlengdir hans eru 35 m við botninn og hæð hans í miðjunni er 20,6 m. Hversu marga fermetra af gleri þarf til þess að þekja pýramídann? Þarf að gera ráð fyrir gleri í botninn?

Það þarf 1892,10 m² af gleri. Nei, það þarf ekki gler í botninn.



4. Hliðarnar í pýramídanum við Louvre eru settar saman úr tígullaga glerjum. Sumir halda því fram að glerin séu 666 talsins. Ef svo er, hve stór er þá hver glerplata í fersentímetrum? **Hver plata er 28410 cm².**

5. Pýramídi hefur þrjár hliðar og þríhyrningslaga botn. Allar hliðar hans eru jafnstórar. Grunnlína hvers þríhyrnings er 9 cm og hæð hans er 7,8 cm. Hvert er yfirborðsflatarmál pýramídans? **140,4 cm².**

Keilur – rúmmál

Rúmmál keilu:

$$R = \frac{r^2 \cdot \pi \cdot h}{3}$$

1. Finndu rúmmál keilnanna.

640,88 cm³



310,33 cm³



7536,55 cm³



2. Hæð 15 cm

$R = 565{,}5\ cm^3$



Geisli 3,1 cm

$R = 48{,}3\ cm^3$



3. Rúmmál keilu er 236 cm³ og flatarmál grunnflatar hennar er 59 cm².

a. Hver er hæð keilunnar? 12 cm

b. Hver er radíus grunnflatarins? 4,33 cm

4. Keila hefur rúmmálið 584 cm³ og hæðina 9,5 cm. Hvert er þvermál grunnflatarins?

15,32 cm

5. Vörubíll sturtaði 2,5 m³ af sandi í hrúgu. Hæð hrúgunnar var 1,7 m.

a. Hvert er grunnflatarmál hrúgunnar? 4,41 m²

b. Hvert er þvermál hrúgunnar neðst við jörðina? 2,37 m



6. Keilulaga glas tekur 1,5 dl.

a. Hvað eru það margir rúmsentímetrar? 150 cm³

b. Ef glasið er 12 cm í þvermál hver er þá dýpt þess? 3,98 cm

Keilur – yfirborðsflatarmál

Möttull keilu er
$M = \pi \cdot r \cdot l$



1. Reiknaðu flatarmál möttulsins á þessum keilum.

201,06 cm²



27,9 m²



4379,77 cm²



2. Þegar yfirborðsflatarmál keilna er fundið þarf bæði að finna flatarmál möttulsins og flatarmál grunnflatarins. Finndu flatarmál heildaryfirborðs keilnanna í dæmi 1.

251,33 cm² **32,42 m²** **7086 cm²**

3. Hvaða leið myndir þú fara til að finna yfirborðsflatarmál keilu ef hæð hennar er gefin en ekki hliðarlengdin? Reiknaðu yfirborðsflatarmál þessara keilna.

Þarf að nota reglu Pýþagórasar til að finna hliðarlengdina.

452,96 cm²



291,7 cm²



2572,96 cm²



4. Villi er að baka vöffluform fyrir ísbúð og veltir fyrir sér hve margir fersentímetrar fara í hvert form. Vöffluformið er 4,5 cm að þvermáli og er 11 cm á hæð.

Hve margir fersentímetrar af deigi fara í vöffluformið?

Villi fletur út deig sem er um það bil 60 cm á breidd og 75 cm á hæð. Hve mörg vöffluform getur hann fengið úr deiginu?

79,38 cm² fara í hvert form. Hann getur fengið um 56 vöffluform.

5. Ljósið frá ljósastaur myndar keilulaga birtu. Fjarlægðin frá toppi staursins að jaðri birtunnar er 9,2 m og út frá því hefur verið reiknað að flatarmál möttulsins er um 202 m². Finndu hvað staurinn lýsir upp stórt svæði á jörðu niðri. **153,5 m².**

Rúmmál keilu
$$\frac{r^2 \cdot \pi \cdot h}{3}$$

Rúmmál pýramída
$$\frac{a \cdot b \cdot h}{3}$$

Pýramídar og keilur

1. Ef skoðaðar eru formúlur fyrir rúmmáli pýramída og keilna er í báðum tilfellum deilt með þremur. Hvers vegna telur þú að það sé?

Það mætti draga þá ályktun að verið sé að finna þriðjung af einhverju en af hverju ætli það gæti verið?

Rúmmál pýramída er þriðjungur af rúmmáli ferstrendings með sama grunnflöt og sömu hæð.

Rúmmál keilu er þriðjungur af rúmmáli sívalnings með sama grunnflöt og sömu hæð.

2. Skoðaðu ferstrending sem hefur hliðarlengdirnar 12 cm, 12 cm og 15 cm og pýramída sem hefur hliðarlengdir grunnflatar 12 cm og 12 cm og sömu hæð og ferstrendingurinn.

Ferstrendingur 2160 cm^3, pýramídi 720 cm^3. 720 · 3 = 2160





Reiknaðu rúmmál ferstrendingsins og pýramídans og kannaðu hvort rúmmál pýramídans sé $\frac{1}{3}$ af rúmmáli ferstrendingsins.

3. Skoðaðu nú sívalning og keilu sem bæði hafa sama geisla í grunnfleti og sömu hæð.

Sívalningur 14 476,5 cm^3, keila 4825,5 cm^3. 4825,5 · 3 = 14 476,5





Reiknaðu rúmmál sívalningsins og keilunnar og kannaðu hvort rúmmál keilunnar sé $\frac{1}{3}$ af rúmmáli sívalningsins.

4. Notfærðu þér þessa vitneskju til þess að finna rúmmál loftrýmisins sem myndast á milli pýramída í ferstrendingi og keilu í sívalningi. Reyndu að finna þetta út aðeins með því að finna annaðhvort rúmmál pýramídans eða rúmmál ferstrendingsins.

$\frac{21,87}{3}$ = 7,29 m^3



$\frac{14\,126,17}{3}$ = 4708,72 cm^3



Samsett form

1. Notaðu þá þekkingu sem þú hefur á rúmmáli forma til þess að finna rúmmál eftirfarandi samsettra hluta.



452,39 cm³



169,65 m³

2. Finndu yfirborðsflatarmál hlutanna í dæmi 1. Athugaðu að þú þarft ef til vill að notfæra þér reglu Pýþagórasar til að finna óþekktar lengdir. Gott er að hafa formúlublað við höndina.

324,85 cm² **160,22 cm²**

3. Hér má sjá hluta af keilu. Upphaflega var hún 47 cm á hæð en hér er búið að sneiða ofan af henni bút sem var 12 cm á hæð. Reiknaðu rúmmál hlutarins og yfirborðsflatarmál hans.



R = 9817,21 cm³ **Y = 2755,27 cm²**

4. Í verksmiðju einni er verið að hefja framleiðslu á glærum plasttrektum. Framleiðslustjórinn þarf að vita hve margir fersentímetrar af plasti fara í hverja trekt. Hver trekt er 12 cm í þvermál,10 cm há og stúturinn er 1,4 cm í þvermál og er 8 cm langur. Trektin sjálf er keilulaga og neðan af henni var tekinn bútur þar sem stúturinn var festur. Búturinn var 1,5 cm á hæð og var 1,4 cm í þvermál. Plastið í trektinni er að jafnaði 2 mm þykkt.

a. Hvert er yfirborðsflatarmál trektarinnar?
Yfirborðsflatarmálið er 276,02 cm².

b. Ef trektin yrði sléttfyllt af vatni, hvað myndi hún rúma mikið vatn?
Trektin rúmar 411,01 cm³ eða um 411 ml.

Teningakast – Hópverkefni

Vinnið saman tvö og tvö. Skráið hjá ykkur fræðilegu líkurnarnar á að fá 2 þegar teningi er kastað.

1. Búið til töflu eins og er hér fyrir neðan. Kastið teningnum 5 sinnum og skráið í töfluna hve oft 2 koma upp. Kastið svo teningnum aftur 5 sinnum og skráið í töfluna. Bætið við það sem á undan er komið. Reiknið út hlutfallstíðni eins og staðan er eftir hverja færslu. Haldið áfram þangað til þið hafið kastað teningnum 50 sinnum.

   Eftir því sem tilraunin er endurtekin oftar þá nálgast líkurnar sem byggðar eru á tilrauninni hinar fræðilegu líkur.

Dæmi:

Í fyrstu fimm köstunum komu 2 upp einu sinni. Í næstu fimm köstunum kom 2 aldrei upp. Í næstu fimm þar á eftir kom 2 upp 3 sinnum. Eftir þessi skipti leit taflan svona út:

Fjöldi kasta	Tíðni „2 kom upp"	Hlutfallstíðni
5	1	$\frac{1}{3} = 0{,}2 = 20\%$
10	1	$\frac{1}{10} = 0{,}1 = 10\%$
15	4	$\frac{1}{15} = 0{,}26 = 26\%$

2. Gerið línurit þar sem x-ás sýnir fjölda kasta og y-ás sýnir hlutfallstíðni í prósentum.

3. Nú taka tveir og tveir hópar sig saman og sameina niðurstöður sínar. Reiknið hlutfallstíðni fyrir hverja færslu. Bætið niðurstöðunum við fyrra línurit.

4. Sameinið aftur niðurstöður og haldið áfram með línuritið.

5. Skoðið línuritið. Eru líkurnar (hlutfallstíðnin) sem þið fáið úr tilraununum þær sömu og fræðilegu líkurnar? Verða einhverjar breytingar á líkunum eftir því sem köstin verða fleiri? Ræðið og skráið niðurstöður.

6. Skráið niður hugmyndir að líkindatilraunum sem þið gætuð gert á svipaðan hátt.

Endurteknar tilraunir

1. Hverjar eru líkurnar á að fá upp skjaldarmerkið þegar krónu er kastað upp? **$\frac{1}{2}$**

2. Hverjar eru líkurnar á að fá skjaldarmerkið tvisvar í röð? En þrisvar í röð? **$\frac{1}{4}$ og $\frac{1}{8}$**

3. Gunnhildur telur að það séu helmingslíkur á að fá skjaldarmerkið í kasti. Ef hún kastar peningi fjórum sinnum í röð telur hún að líkurnar séu $\frac{1}{16}$ á að fá skjaldarmerkið upp í öll skiptin. Er þetta rétt hjá henni? Rökstyddu svar þitt? **Rétt**

4. **a.** Hverjar eru líkurnar á því að fá slétta tölu þegar teningi er kastað? **$\frac{1}{2}$**

b. Teningi er kastað tvisvar sinnum, hverjar eru líkurnar á að fá slétta tölu í bæði skiptin? **$\frac{1}{4}$ og $\frac{1}{8}$**

c. Teningi er kastað þrisvar sinnum, hverjar eru líkurnar á að fá slétta tölu í öll skiptin? **$\frac{1}{8}$**

5. **a.** Skífunni er snúið einu sinni. Hverjar eru líkurnar á að örin lendi á hvítu svæði? **$\frac{1}{3}$**

b. Skífunni er snúið tvisvar. Hverjar eru líkurnar á að örin lendi á hvíta svæðinu tvisvar í röð? **$\frac{1}{9}$**

c. Skífunni er snúið þrisvar. Hverjar eru líkurnar á að örin lendi á hvíta svæðinu þrisvar í röð? **$\frac{1}{27}$**

6. **a.** Í poka eru tvær hvítar kúlur og ein svört. Ef dregin er kúla úr pokanum hverjar eru líkurnar á því að hún verði hvít? **$\frac{2}{3}$**

b. Ef dregið er tvisvar og kúlan sett aftur í pokann, hverjar eru líkurnar á því að kúlurnar verði báðar hvítar? En að fyrri kúlan verði hvít og sú seinni svört? **$\frac{4}{9}$ og $\frac{2}{9}$**

7. **a.** Skiptir það máli í dæminu hér á undan að kúlan var sett ofan í pokann aftur? Rökstyddu svar þitt.

Það skiptir máli. Eiginn rökstuðningur.

b. Ef kúlan sem dregin er fyrst er ekki sett aftur í pokann, hverjar verða þá líkurnar á því að fá tvær hvítar kúlur? En að fyrri kúlan verði hvít og sú seinni svört? En tvær svartar?

$\frac{1}{3}$, $\frac{1}{3}$, ekki er mögulegt að fá tvær svartar!

Líkindatré 1

Gunnhildi finnst oft gott að teikna myndir þegar hún leysir stærðfræðiverkefni. Hún veltir fyrir sér hvort hægt sé að teikna mynd sem sýni líkindin á að fá skjaldarmerki eða fisk þegar krónu er kastað upp. Fyrst teiknar hún mynd sem sýnir hvað getur gerst þegar kastað er einu sinni. Síðan heldur hún áfram og teiknar það sem getur gerst þegar kastað er tvisvar.





1. Skoðaðu myndirnar og finndu út hvernig þær eru gerðar og hvernig þær eru notaðar. Hverjar eru t.d. líkurnar á því að upp komi fiskur tvisvar í röð? En skjaldarmerkið? Hvað með að upp komi fyrst fiskur og síðan skjaldarmerki?

Líkur á fá fisk tvisvar í röð: $\frac{1}{4}$. Líkur á að fá skjaldarmerki tvisvar í röð er $\frac{1}{4}$ og einnig líkurnar á að fá fyrst fisk og síðan skjaldarmerki.

2. Myndin hér á eftir á að sýna hvað getur gerst þegar kúla er dregin tvisvar í röð úr poka með tveimur hvítum og einni svartri kúlu. *Kúlan er sett aftur í pokann.* Ljúktu við að skrá líkur við greinarnar á líkindatrénu.



3. Notaðu líkindatréð til að svara eftirfarandi:

a. Hverjar eru líkurnar á að draga tvær svartar kúlur í röð?
b. Hverjar eru líkurnar á að draga fyrst svarta kúlu en síðan hvíta?
c. En fyrst hvíta og svo svarta?

a. $\frac{1}{3} \cdot \frac{1}{3} = \frac{1}{9}$ b. $\frac{2}{9}$ c. $\frac{2}{9}$

4. Hverjar verða líkurnar *ef kúlan er ekki sett ofan í pokann aftur?* Ljúktu við að skrá líkur á greinarnar.



5. Berðu saman líkindatrén í dæmi 2 og 4. Skráðu niður samanburð og útskýrðu hvers vegna myndirnar eru ekki eins.

Eiginn samanburður, en lykilatriði er að í fyrra tilvikinu er kúlan sett aftur í pokann en það er ekki gert í því seinna.

Líkindatré 2



1. Spil er dregið úr spilastokki og sett aftur í bunkann. Þetta er gert tvisvar. Teiknaðu líkindatré til að sýna líkurnar á að fá annaðhvort rautt spil eða svart. Skráðu líkurnar á greinarnar.

2. Spil er dregið tvisvar úr spilastokki og *ekki sett aftur í bunkann.* Athuga á líkur á að fá mannspil eða spil sem er ekki mannspil.

Líkurnar má allt eins skrá sem fullstytt brot, tugabrot eða prósentur.

a. Teiknaðu líkindatré og skráðu líkindin inn á greinarnar.

b. Hverjar eru líkurnar á að fá tvö mannspil í röð? **5%**

c. Hverjar eru líkurnar á að fá fyrst mannspil en síðan ekki mannspil? **18%**

d. En ef þessu væri snúið við? **18%**

e. Hverjar eru líkurnar á að fá ekki mannspil? **59%**



3. Myndin lýsir líkindum á því að draga rauðar eða bláar kúlur úr poka. Ljúktu við myndina og skráðu það sem myndin lýsir.

a. Er hægt að sjá hvað kúlurnar voru margar af hvorum lit í pokanum? **Já, þær eru fimm, 2 rauðar og 3 bláar.**

b. Voru þær settar aftur ofan í pokann? **Nei.**

c. Hvað var dregið oft? **Tvisvar.**



4. Myndin lýsir líkindum á því að draga rauðar eða bláar kúlur úr poka. Ljúktu við að skrá líkindin á greinarnar. Hve margar kúlur voru af hvorum lit?



Líkindin á því að draga fyrst rauða kúlu eru 0,4 eða 40%. Önnur vísbending er teljarinn 4. Kúlurnar gætu því verið 4 rauðar og 6 bláar eða margfeldi af fjöldanum. Ekkert í vísbendingunum gefur til kynna hvort kúlan er sett aftur í pokann. Lausnirnar geta verið nokkrar.

5. Í poka eru 9 kúlur, 2 gular, 3 bláar og 4 rauðar. Teiknaðu líkindatré sem lýsir því þegar dregið er tvisvar úr pokanum og *kúlurnar eru ekki settar aftur ofan í pokann.* Bættu við tréð þannig að það sýni líkindin ef dregið væri þrisvar.



Líkindatré 3

1. a. Hannes og félagar spila Ludo og þurfa að fá sex í teningakasti til að geta farið af byrjunarreit. Hverjar eru líkurnar á að fá sexu? $\frac{1}{6}$

b. Þeim gengur seint að byrja spilið og breyta reglunum þannig að til að fara af byrjunarreit þarf annaðhvort að fá 6 eða 2. Hverjar eru líkurnar núna? $\frac{1}{3}$

2. Myndin sýnir líkindi á möguleikum þegar kúla er dregin tvisvar í röð úr poka sem inniheldur tvær rauðar kúlur og þrjár bláar.

a. Hverjar eru líkurnar á að draga tvær rauðar kúlur? $\frac{1}{10}$

b. Hverjar eru líkurnar á að draga tvær bláar kúlur? $\frac{3}{10}$

c. Hverjar eru líkurnar á að draga tvær kúlur sem eru eins á litinn? $\frac{2}{5}$

d. Hverjar eru líkurnar á að draga tvær kúlur sem ekki eru eins á litinn? $\frac{3}{5}$



3. Í poka eru boltar í þremur litum, fjórir eru rauðir, sex bláir og fimm gulir.
Dreginn er bolti af handahófi tvisvar í röð úr pokanum.
Boltinn er ekki settur aftur í pokann. Ljúktu við myndina og skráðu líkindin á greinarnar.



a. Hverjar eru líkurnar á að fá tvo bolta af sama lit? **29,5%**

b. Hverjar eru líkurnar á að fá rauðan og grænan bolta? **19%**

c. Hverjar eru líkurnar á að fá fyrst gulan og síðan bláan bolta? **14,3%**

d. Ef dregið yrði þrisvar, hverjar yrðu líkurnar á að fá þrjá gula bolta?
En þrjá bolta alla mismunandi á litinn? **2,2% og 26,4%**
(6 möguleikar á að draga 3 bolta alla að mismunandi lit).

Líkur 1



1. Skífunni er snúið tvisvar og tölurnar margfaldaðar saman.
   a. Hverjar eru líkurnar á að margfeldið verði 5? $\frac{1}{18}$
   b. Hverjar eru líkurnar á að margfeldið verði 12? $\frac{1}{9}$

2. Ef skífunni væri snúið þrisvar sinnum og tölurnar margfaldaðar saman hverjar væru líkurnar á því að margfeldið yrði 24?

   $\frac{3}{32}$



3. Skífunni er snúið tvisvar og tölurnar lagðar saman.
   Hverjar eru líkurnar á því að summan verði slétt tala?

   $\frac{1}{4}$

4. Skífu hefur verið snúið ótal sinnum og niðurstöður eru þessar:

   Grænn í 25% skiptanna.
   Rauður kom í 25% skiptanna.
   Blár kom í 12,5% skiptanna
   Gulur 37,5%



   Hvernig var skífan? Teiknaðu hana.
   $\frac{1}{4}$ skífunnar er grænn, $\frac{1}{4}$ er rauður, $\frac{1}{8}$ blár og $\frac{3}{8}$ er gulur.

5. Í poka eru 10 kúlur. Búið er að draga ótal sinnum og kúlan er alltaf sett aftur í pokann. Rauð kúla hefur hefur verið dregin 34 sinnum, svört 42 sinnum, gul 19 sinnum og blá 11 sinnum. Hve margar kúlur eru af hverjum lit?

   3 rauðar, 4 svartar, 2 gular og 1 blá.

Líkur 2

1. Líkur á að Þórður hitti í körfuna af vítapunkti í körfubolta eru 0,6.

a. Hverjar eru líkurnar á því að hann hitti tvisvar í röð?
En að hann hitti í hvorugt skiptið? **0,36 og 0,16**

b. Hverjar eru líkurnar á því að hann hitti aðeins í öðru kastinu? **0,48**

c. Á æfingu hefur Þórður hitt 24 sinnum í körfuna af vítapunkti.
Hve oft hefur hann skotið að körfunni miðað við að líkurnar á að hann hitti séu 0,6? **40 sinnum.**

2. Þór þjálfari skráir reglulega niður hjá sér skorhlutfall liðsmanna körfuboltaliðsins. Hann þarf að velja á milli Hrannars, Birgis og Baldurs til að spila í næsta leik. Hann ætlar að velja þann sem er með bestu líkur á að skora úr vítaköstum. Hvern myndir þú velja? Rökstyddu svarið. **Birgi.**

Hrannar	$\frac{15}{25}$	$\frac{14}{25}$	$\frac{13}{24}$	$\frac{14}{27}$
Birgir	$\frac{18}{30}$	$\frac{17}{25}$	$\frac{14}{19}$	$\frac{12}{18}$
Baldur	$\frac{13}{27}$	$\frac{14}{26}$	$\frac{17}{26}$	$\frac{13}{19}$

3. Anna líffræðingur rannsakar silunga í Litlavatni. Hún ætlar að áætla stofnstærð í vatninu. Hún veiðir 56 silunga, merkir þá og sleppir þeim aftur. Nokkrum dögum seinna veiðir hún 30 silunga og eru 2 af þeim merktir. Hvað getur hún áætlað að silungarnir séu margir í vatninu? **840 silungar. (Til að niðurstaðan verði öruggari þyrfti að endurtaka veiðarnar og reikna meðaltal.)**

4. Anna var fengin til að telja laxa í eldiskví. Hún veit að 75 merktir laxar eru í kvínni. Hún veiðir nokkrum sinnum og skráir niðurstöður. Í fyrstu tilraun veiddi hún 20 laxa og þrír af þeim voru merktir. Í annarri tilraun veiddi hún 25 laxa og fjórir af þeim reyndust merktir. Að síðustu veiddi hún 19 laxa og þrír af þeim voru merktir. Hver verður niðurstaða Önnu? **Um það bil 480 laxar í kvínni.**

Úrvinnsla úr könnun

1. Sigurfinnur og Júlíanna vinna saman að verkefni í félagsfræði. Þau ákveða að gera könnun á hve margir búa í hverri íbúð í fjölbýlishúsum. Hér má sjá niðurstöðurnar:

1, 3, 2, 1, 5, 5, 1, 3, 3, 4,
5, 6, 2, 2, 5, 5, 2, 2, 4, 2,
2, 3, 3, 4, 4, 5, 5, 1, 1, 3,
2, 2, 3, 3, 2, 2, 1, 1, 5, 6,
4, 6, 4, 2, 4, 4, 5, 2, 2, 2,
3, 4, 2, 3, 2, 2, 1, 2, 2, 3,
4, 5, 1, 1, 2, 2, 3, 3, 3, 4

Fjöldi í íbúð	Tíðni	Margfeldi
1	10	10 · 1= 10
2		

Setjið gögnin í tíðnitöflu og búið til súlurit. Finnið meðaltal, miðgildi, tíðasta gildi og dreifingu.

Meðaltal: 2,97. Miðgildi: 3. Tíðasta gildi: 2. Dreifing: 5.

2. Sigurfinnur og Júlíanna bera niðurstöðurnar saman við eldri gögn. Þau eru með súlurit af gögnunum. Finnið meðaltal, miðgildi, tíðasta gildi og dreifingu út frá því.

Meðaltal: 4,07. Miðgildi: 4. Tíðasta gildi: 3. Dreifing: 7.



3. Skráið skýrslu um niðurstöðurnar. Lýsið hvorri athugun fyrir sig og berið þær saman.

Svefntímakönnun

Nemendur í 10. bekk gerðu könnun á svefntíma sínum. Hver nemandi skráði daglega hvað hann hafði sofið í margar klukkustundir. Eftir ákveðinn tíma skilaði hver nemandi niðurstöðum sínum í súluriti. Hér eru súluritin frá Jóhanni, Hannesi og Sólrúnu.







a. Í hve marga daga skráðu þau niður svefntímann? **Jóhannes í 31 dag, Hannes í 28 daga og Sólrún í 27 daga.**

b. Finnið meðaltal, miðgildi, tíðasta gildi og dreifingu fyrir hvert súlurit og notið til að bera saman svefnvenjur þeirra.

c. Túlkið niðurstöðurnar.

Jóhannes: Meðaltal 7,5 klst., miðgildi 7 klst., tíðasta gildi 7 klst. og dreifing 7 klst.
Hannes: Meðaltal 5,82 klst., miðgildi 6 klst., tíðasta gildi 6 klst. og dreifing 10 klst.
Sólrún: Meðaltal 8,22 klst., miðgildi 7 klst., tíðasta gildi 9 klst. og dreifing 6 klst.

Skutlukeppni

10. bekkur skipulagði skutlukeppni í skólanum. Allir þátttakendur bjuggu til sínar eigin skutlur og keppnin fór fram í sal skólans. Krakkarnir mældu nákvæmlega hve langt skutlurnar flugu og skráðu niðurstöðurnar.

Tölurnar eru í metrum.

1,53	2,10	3,12	8,15	8,30	4,15	5,55	6,38	4,62	6,75	6,91	2,45
1,52	1,67	7,82	6,93	10,39	9,65	7,05	7,60	9,43	9,78	8,55	7,50
8,42	4,25	4,26	5,78	6,76	9,78	10,34	5,65	5,63	5,40	1,75	2,56
9,75	10,30	10,45	11,10	10,35	8,54	6,70	5,75	12,00	10,94	10,35	

1. Flokkið gögnin og setjið í tíðnitöflu eins og byrjað er á hér að neðan.

Flokkar	Tíðni	Miðjan	Margfeldi
1–1,99	4	1,495 m	$4 \cdot 1{,}495 = 5{,}98$
2–2,99			

2. Finnið meðaltal fluglengdar skutlanna með hjálp tíðnitöflunnar. **6,9 metrar.**

3. Á netsíðu skólans fundu þau stuðlarit sem sýndi niðurstöður úr fyrstu skutlukeppni skólans. Notið stuðlaritið til að finna meðaltal og miðgildi fluglengdar í keppninni.

Meðaltal: 6,375 metrar. Miðgildi er ekki hægt að finna nákvæmlega þar sem einu gögnin sem þið hafið er stuðlaritið. Miðgildið er í flokknum 6 – 6,99 metrar.



4. Skrifaðu frétt um skutlukeppnina og berið niðurstöður hennar saman við niðurstöður úr fyrstu keppninni. Notið sem flestar tölur í samanburði á keppnunum, t.d. dreifingu, lægsta gildi, hæsta gildi, meðaltal og tíðasta gildi.

Lýsandi tölfræði

1. Þú átt að gera skýrslu um íbúafjölda sveitarfélaga á Norðurlandi 1. desember árið 1997 og aflar eftirfarandi upplýsinga um íbúafjölda frá Hagstofu Íslands:

Akureyri15 048, Norðurbyggð 2493, Ólafsfjarðarbær 1098, Dalvík 1502, Svarfaðardalshreppur 239, Hríseyjarhreppur 241, Árskógshreppur 335, Arnarneshreppur 209, Skriðuhreppur 104, Öxnadalshreppur 45, Glæsibæjarhreppur 255, Eyjafjarðarsveit 928, Svalbarðsstrandarhreppur 342, Grýtubakkahreppur 375, Hálshreppur 185.

a. Finndu meðaltal, dreifingu, miðgildi og tíðasta gildi fyrir íbúafjöldann.
Meðaltal: 1559,9, dreifing: 15003, miðgildi: 335. Ekkert tíðasta gildi. (Ef gögnin væru flokkuð þá kæmi fram tíðasta gildi).

b. Mikill munur er á íbúafjölda Akureyrar og hinna sveitarfélaganna á listanum. Endurtaktu útreikningana en hafðu Akureyri ekki með í þetta sinn.
Meðaltal: 596,5 , dreifing: 2448, miðgildi: 295. Ekkert tíðasta gildi.

c. Berðu niðurstöðurnar saman. Hvort telur þú miðgildið eða meðaltalið betra til að lýsa íbúafjölda í sveitarfélögunum? Skráðu rökstuðning.
Eigin rökstuðningur.

2. Aldur þátttakenda á skákmóti í Fjallaskóla.

11, 12, 12, 13, 16, 15, 13, 14, 40, 15, 14, 14, 13, 11, 14

a. Finndu meðaltal, dreifingu, miðgildi og tíðasta gildi fyrir aldur þátttakendanna, bæði með elsta þátttakandanum og án hans.
Fyrri talan sýnir útreikninga með *útlaga* og sú síðari er án *útlagans*. Meðaltal: 15,13 og 13,35. Dreifing: 29 og 5. Miðgildi: 14 og 13. Tíðasta gildi: 14 og 14.

b. Í tölfræði er tala sem er langt frá öðrum tölum kölluð „útlagi". Hvaða áhrif hafði útlaginn á dreifingu, meðaltal, tíðasta gildi og miðgildi skákhópsins?
Eigin rökstuðningur.

3. Laufritin sýna niðurstöður úr tveimur tölfræðiprófum. Merktu einkunnirnar inn á talnalínurnar og teiknaðu rammarit á línurnar.

2	5
3	4, 6, 8
4	2, 3, 5, 6
5	3, 4, 5, 6, 8
6	3, 4, 7, 8,
7	5, 7
8	4
9	3

2	5
3	4
4	2, 3
5	5, 6, 8
6	7, 8
7	2, 3, 5, 7, 8
8	3, 5, 6
9	3, 3, 4, 8



4. Skráðu samanburð á niðurstöðum úr prófunum og notaðu tölfræðihugtökin dreifingu, miðgildi, tíðasta gildi og meðaltal í textanum.
Eigin samanburður.

Almenn brot og veldi

Almenn brot – ýmis dæmi 1

Mundu að þegar leggja á saman brot eða finna mismun þeirra þá þarf fyrst að finna þeim samnefnara.

1. Leggðu saman brotin og fullstyttu svörin. Sýndu alla útreikninga.

a. $\frac{5}{8} + \frac{7}{10} = \frac{53}{40}$ **b.** $\frac{12}{15} + \frac{9}{25} = \frac{29}{25}$ **c.** $\frac{11}{24} + \frac{13}{36} = \frac{59}{72}$ **d.** $\frac{48}{104} + \frac{15}{52} = \frac{3}{4}$

2. Finndu mismun brotanna. Fullstyttu svörin og sýndu alla útreikninga.

a. $\frac{8}{11} - \frac{4}{8} = \frac{5}{22}$ **b.** $\frac{15}{24} - \frac{5}{8} = 0$ **c.** $\frac{52}{98} - \frac{22}{66} = \frac{29}{147}$ **d.** $\frac{79}{112} - \frac{48}{96} = \frac{23}{112}$

3. Margfaldaðu saman brotin og fullstyttu svörin. Sýndu alla útreikninga.

a. $\frac{4}{9} \cdot \frac{5}{8} = \frac{5}{18}$ **b.** $\frac{8}{11} \cdot \frac{7}{10} = \frac{28}{55}$ **c.** $\frac{11}{16} \cdot \frac{4}{3} = \frac{11}{12}$ **d.** $\frac{27}{32} \cdot \frac{19}{16} = \frac{513}{512}$

4. Deildu brotunum og fullstyttu. Sýndu alla útreikninga. Mundu að gott er að notfæra sér margföldunarandhverfur brota til að einfalda útreikninga.

a. $\frac{8}{10} : \frac{4}{6} = \frac{6}{5}$ **b.** $\frac{15}{12} : \frac{5}{11} = \frac{11}{4}$ **c.** $\frac{26}{46} : \frac{15}{18} = \frac{78}{115}$ **d.** $\frac{79}{46} : \frac{12}{18} = \frac{237}{92}$

5. Reiknaðu dæmin, fullstyttu og sýndu hvernig þú ferð að.

a. $\frac{4}{5} + \frac{5}{9} + \frac{2}{3} = \frac{91}{45}$

b. $\frac{12}{15} + \frac{7}{11} + \frac{6}{10} = \frac{112}{55}$

c. $\frac{45}{24} - \frac{9}{14} - \frac{6}{26} = \frac{729}{728}$

d. $\frac{4}{6} \cdot \frac{7}{9} \cdot \frac{2}{7} = \frac{4}{27}$

e. $\frac{12}{17} \cdot \frac{31}{20} : \frac{1}{3} = \frac{31}{85}$

f. $3\frac{13}{16} + 6\frac{4}{10} = 10\,\frac{17}{80}$

g. $7\frac{8}{15} - 3\,\frac{5}{9} = 3\,\frac{44}{45}$

h. $5\,\frac{17}{20} \cdot 3\,\frac{1}{5} = 18\frac{18}{25}$

i. $9\,\frac{4}{8} : \frac{3}{5} = 15\,\frac{5}{6}$

Brotabrot

1. Reiknaðu dæmin og fullstyttu. Sýndu útreikninga þína.

a. $$\frac{\frac{4}{5}}{\frac{6}{9}} = \frac{6}{5}$$

b. $$\frac{\frac{15}{13}}{\frac{8}{12}} = \frac{45}{26}$$

c. $$\frac{\frac{18}{14}}{\frac{6}{7}} = \frac{3}{2}$$

d. $$\frac{\frac{23}{28}}{\frac{21}{26}} = \frac{299}{294}$$

2. Reiknaðu dæmin, fullstyttu og sýndu hvernig þú ferð að.

a. $$\frac{\frac{1}{2}+\frac{1}{3}}{\frac{1}{6}} = 5$$

b. $$\frac{\frac{2}{3}+\frac{3}{4}}{\frac{6}{5}+\frac{3}{8}} = \frac{170}{189}$$

c. $$\frac{\frac{1}{2}+\frac{2}{5}}{\frac{4}{6}+\frac{1}{3}} = \frac{9}{10}$$

d. $$\frac{\frac{5}{8}+\frac{4}{9}}{\frac{6}{11}+\frac{48}{33}} = \frac{77}{144}$$

3. Reiknaðu dæmin, fullstyttu og sýndu hvernig þú ferð að.

a. $$\frac{\frac{1}{2}-\frac{1}{3}}{\frac{1}{4}-\frac{1}{6}} = 2$$

b. $$\frac{\frac{1}{3}-\frac{2}{4}}{\frac{1}{5}+\frac{2}{6}} = -\frac{5}{16}$$

c. $$\frac{\frac{1}{2}+\frac{5}{4}}{\frac{5}{6}\cdot\frac{1}{10}} = 21$$

d. $$\frac{\frac{1}{3}+\frac{5}{6}}{\frac{7}{8}\cdot\frac{2}{3}} = 2$$

4. Í dæmunum hér fyrir neðan koma bæði tölustafir og bókstafir fyrir. Á sama hátt og áður þarf að finna samnefnara þegar brot eru lögð saman eða mismunur þeirra fundinn. Reiknaðu og einfaldaðu brotin eins og hægt er. Sýndu hvernig þú ferð að.

a. $$\frac{\frac{3}{x}+\frac{4}{2x}}{\frac{x}{1}+\frac{3x}{5}} = \frac{25}{8x^2}$$

b. $$\frac{\frac{5}{2x}+\frac{3}{3x}}{\frac{3}{x}+\frac{4}{2x}} = \frac{7}{10}$$

